



SKÓLANEFND BLÁSKÓGABYGGÐAR

49. fundur skólanefndar Bláskógabyggðar

Mánudagur 23. maí 2016

Laugarvatn

Mættir: Bryndís Bövarsdóttir formaður, Valgerður Sævarsdóttir varaformarður, Axel Sæland ritari, Regína Rósa Harðardóttir leikskólastjóri Álfaborg, Elfa Birkisdóttir skólastjóri Bláskógaskóla Laugarvatni, Guðbjörg Gunnarsdóttir varamaður fulltrúi starfsmanna Álfaborgar, Þóra Þöll Tryggvadóttir fulltrúi foreldra leikskóladeildar Bláskógaskóla Laugarvatni, Guðbjörg Þóra Jónsdóttir fulltrúi kennara Bláskógaskóla Laugarvatni, Kristín Ingunn Haraldsdóttir fulltrúi foreldra grunnskóladeildar Bláskógaskóla Laugarvatni og Sólveig Björg Aðalsteinsdóttir fulltrúi starfsmanna leikskóladeildar Bláskógaskóla Laugarvatni.

Engin erindi voru frá Bláskógaskóla Reykholti og þar af leiðandi sat enginn fundinn frá þeim hluta.

Leik- og grunnskólastig (16:00 – 17:15)

1. Álfaborg - Handbók fyrir kennara, lögð fram til kynningar.
2. Álfaborg – Skólanámskrá samþykkt af skólanefnd.
3. Álfaborg – Skóladagatal samþykkt af skólanefnd.
4. Álfaborg – Umbótaáætlun er á góðri leið, Regína Rósa sagði frá foreldradegi sem haldinn var 24.apríl þar sem foreldrar mættu og tóku til hendinni, löguðu, endurnýjuðu og hreinsuðu. Megi foreldrar barnanna í Álfaborg hafa bestu þakkir fyrir.
5. Bláskógaskóli Laugarvatn – Drög að skólanámskrá, almennur hluti. Elfa fór yfir og kynnti.
6. Bláskógaskóli Laugarvatn – Eineltisáætlun lögð fram til kynningar.
7. Bláskógaskóli Laugarvatn – Móttökuáætlun lögð fram til kynningar.

Fundi slitið 17:15

Axel Sæland ritaði fundargerð